

### Veiðni silunganeta

Net eru mjög veljandi veiðarfæri þ.e.a.s. ákveðinn riðill veiðir bezt vissa stærð af fiski. Þannig syndir t.d. smáfiskurinn í gegnum stórriðin net, en hinir stærri ánetjast.

Fiskurinn ánetjast vegna þess að hann er of sver til þess að smjúga í gegnum möskvann. Silungur hefur sitt mesta ummál rétt fyrir framan bakuggann, og ákveðin möskvastærð veiðir bezt þann fisk, sem hefur aðeins stærra ummál en möskvinn sjálfur. Ummál möskvans er ferföld möskvastærðin, en með möskvastærð er átt við styztu vegalengd milli hnúta. Mesta ummál silungs stendur í réttu hlutfalli við lengd hans og sú fisklengd, sem veiðist bezt í ákveðna möskvastærð, kallast kjörlengd.

Tilraunir sýna að fyrir urriða og girnisnet gildir eftirfarandi formúla:  $L_k = 9.6 \times m$ , þar sem  $L_k$  er kjörlengdin og  $m$  er möskvastærðin. Þetta á við um urriða í eðlilegum holdum, - ef fiskurinn er mjög magur eykst kjörlengdin, (því hann þarf að vera lengri til að festast), og ef hann er óvenju sver, þá minnkar hún.

Kjörlengd bleikju er meiri en urriða vegna þess hve grannvaxin hún er, en munurinn er lítill. Ef við athugum formúluna betur, sést að kjörlengdin er nálægt því að vera tíföld möskvastærðin. Þetta leiðir af sér mjög handhæga minnisreglu: Kjörlengd í cm  $\approx$  möskvastærð í mm.

Sem kunnugt er þá veiða netin einnig fisk sem er bæði stærri og minni en þetta. Mynd 1. sýnir hvernig veiðni netsins breytist í hlutfalli við lengd fisksins. Til þess að línuritið gildi fyrir hvaða net sem er, þá er fisklengdin gefin upp sem hundraðshluti af kjörlengd. Af myndinni má glögglega sjá hve snöggvæðið minnkar þegar frávikid frá kjörlengdinni eykst. Sé reiknað með að netið veiði 100% fiska sem eru af kjörlengd og rekast á netið, þá veiðir það ekki nema 40% af þeim sem eru 10% styttri. Eins og sjá má er línuritið skakkt, þannig að netið veiðir mun betur fiska sem eru stærri en kjörlengdin, en þá sem eru of litlir.

Þannig er veiðnin um 80% fyrir fisk sem er 10% lengri en kjörlengdin, eða helmingi meiri en hún er fyrir fisk, sem er 10%

styttri en kjörlengdin.

Tafla 1. sýnir veiðni í % fyrir girnisset af mismunandi möskvastærðum, og gildir fyrir urriða í eðlilegum holdum. Þar sézt t.d. að 32 mm möskvastærð (1 1/4 tomma) veiðir allan fisk (100%), sem er 30 cm langur og syndir á netið, en aðeins 3% af 22 cm og 44 cm fiski.

Það hefur mikla þýðingu fyrir þá sem stunda netaveiði að vita hvaða stærðir af fiski netin þeirra veiða best. Með því að velja möskvastærðina rétt má t.d. alveg ráða því hve fiskurinn verður stór áður en hann er tekinn, en rétt nýting á stöðuvatni er að lofa fiskinum að vaxa upp í ákveðna stærð, en taka þá eins mikið af honum og unnt er.

Einnig má sjá hve varasamt er að dæma meðallengd fiskstofns ákveðins vatns, ef aðeins er notuð ein möskvastærð. Til þess að fá hugmynd um lengdarsamsetningu fiskstofnanna verður að nota samstæðu af netum með mismunandi möskvastærðum, og gefa þar með öllum fiskum jafn mikla möguleika á því að festast í neti. Þá, og ekki fyrr, er hægt að tala um lengdardreifingu.

Möskvastærð hefur gjarnan verið mæld í tommum á legg (minnsta fjarlægð milli hnúta mæld í tommum). Þægilegra er þó að nota millimetra, sérstaklega þegar haft er í huga það sem sagt var áður, að til möskvastærðarinnar í mm svarar nokkurn veginn kjörlengd í cm. (32 mm möskvi, veiðir best 31 cm fisk). Neta-gerðarmenn nota einnig mikið omf/alín, sem er möskvastærðin gefin upp í fjölda möskva á alín (63 cm). Þannig svarar t.d. 20 omf/alín, til 32 mm á legg = 1 1/4 tomma á legg.

Þetta kemur annars fram af töflu 1., en þar er möskvastærðin gefin með þessum þrem aðferðum.

Heimildir:

- Jensen K.W. 1971. Fisk og Fiskestell nr 5,  
Drift av fiskevann (Fjölrit)  
1971. Ársberetning for 1970. (Fjölrit)

Tafla 1. Veiðni (í%) girnisseta með 21-52mm möskvastarð (gildir f. urriða)

Möskvastarð.

Lengd fisksins	30	26	24	22	20	18	16	14	12	omfar/alin
Fisk- amnd.	21	24	26	29	32	35	40	45	52 mm á legg	
		15/16	1"		1 1/4		1 1/2"		2" tommur á legg	
20 cm	100	31	9							
22	78	98	40	8	3					
24	37	94	98	25	7	3				VEIÐNI í %
26	17	58	94	95	18	6				
28	6	33	61	97	85	15	3			
30	2	15	35	78	100	50	7	2		
32		6	18	53	94	98	15	4		
34		2	8	30	66	99	40	7	2	
36			3	17	42	84	96	15	3	
38				8	28	54	100	40	5	
40				3	15	37	95	89	7	
42					8	24	70	99	19	
44					3	14	51	98	40	
46						7	40	85	85	
48						3	25	68	99	
50							17	50	99	

Mynd 1. Línurit yfir veiðni girnisseta

